

Miðvikudaginn 22. apríl 1998.

Nr. 163/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Sigurði Erni Ágústssyni

(Helgi Jóhannesson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Aðilar skutu báðir málinu til Hæstaréttar með kærum 17. apríl 1998, sem bárust réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. apríl 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 29. apríl nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 5. maí 1998 kl. 16.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Ekki eru alveg næg efni til að telja vítaverðan þann drátt, sem hefur orðið á öflun gagna í Þýskalandi og um ræðir í hinum kærða úrskurði. Með þessari athugasemd verður úrskurður héraðsdóms staðfestur með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. apríl 1998.

Ár 1998, föstudag 17. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómara-fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála krafist þess, að Sigurði Erni

Ágústssyni, kt. 150470-5019, Reykjavíkurvegi 44, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds, er rennur út kl. 16.00 í dag, allt til þriðjudagsins 5. maí nk. kl. 16.00.

Kærði hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 10. mars sl., en rökstuddur grunur er um aðild hans að innflutningi rúmlega eins kíló af amfetamíni, sem fannst í bifreið, er kærði flutti inn frá Hamborg og kom til landsins 4. mars sl. Þetta gæti varðað hann fangelsi samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga.

Rannsókn málsins er vel á veg komin, en þó er enn eftir að afla upplýsinga í Þýskalandi, sem kærði gæti torveldað, færi hann frjáls ferða sinna, svo sem með því að hafa áhrif á þá menn, sem á að yfirheyra þar. Öflun umræddra upplýsinga í Þýskalandi hefur reyndar dregist mjög á langinn, og er það vítavert. Þegar á hinn bóginn er horft til þess, hversu alvarlegt brot það er, sem kærða er gefið að sök, og þess, að samkvæmt bréfi starfsmanns Landsskrifstofu Interpol hér á landi, sem er dagsett 16. apríl 1998, eru viðkomandi lögregluþyriröld í Þýskalandi þegar komin af stað með að framkvæma umbeðnar aðgerðir og nánari fregna að vænta af framgangi mála næstkomandi mánudag eða þriðjudag, þykir verða að fallast á kröfu lögreglustjórans í Reykjavík samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærða verður þó ekki gert að sæta gæsluvarðhaldi lengur en til miðvikudags 29. apríl nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sigurður Örn Ágústsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 29. apríl 1998 kl. 16.00.